



Þjóðhagsspá

27. júní 2022

Þjóðhagsspá að sumri

Economic forecast, summer

Samantekt

Hofur eru á að hagvöxtur verði 5,1% í ár og 2,9% árið 2023. Verg landsframleiðsla jókst um 8,6% á fyrsta ársfjórðungi. Innlend eftirspurn hefur reynst kröftug það sem af er ári en óvissa um verðbólguhorfur innanlands og erlendis hefur aukist.

Mikill vöxtur var í einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi og jókst hún um 8,8% að raunvirði milli ára. Utanlandsferðum Íslendinga fjölgaði aftur í byrjun árs og neysla erlendis í kjölfarið. Búist er við að einkaneysla vaxi um 4,3% í ár með hækkandi atvinnustigi en að aukin verðbólga dragi úr vexti hennar næstu árin. Á fyrsta fjórðungi ársins jókst samneysla hins opinbera um 1,5% að raunvirði. Töluverður nafnvöxtur var í öllum undirliðum samneyslu á fjórðungnum mest þó í launakostnaði. Gert er ráð fyrir að samneysla vaxi um 1,3% í ár og 1,4% að jafnaði árin 2023 og 2024.

Fjárfesting jókst hratt milli ára á fyrsta ársfjórðungi en í ár er reiknað með að hún aukist um 4,6% frá fyrra ári. Útlit er fyrir að atvinnuvegafjárfesting aukist um 5,5% í ár og er reiknað með að vöxturinn verði á breiðum grunni. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 6,8% á fyrsta fjórðungi ársins og hefur hún dregist saman þrajá ársfjórðunga í röð. Vísbendingar eru um að íbúðafjárfesting gæti aukist næstu misseri. Gert er ráð fyrir að íbúðafjárfesting aukist um 6,3% í ár og 10,3% á næsta ári en í kjölfarið hægi á vextinum sem verði 4,3% árið 2024. Lítilettar samdráttur varð í fjárfestingu ríkissjóðs, eða 2,2%, á fyrsta ársfjórðungi en fjárfesting sveitarfélaga jókst um tæp 23%. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 0,7% í ár, 1,1% árið 2023 og 3,4% árið 2024.



Útflutningshorfur hafa batnað. Ferðamönnum fjölgaði hraðar á fyrri hluta árs en gert var ráð fyrir. Reiknað er með að 1.600 þúsund ferðamenn heimsæki landið í ár. Vöruútflutningshorfur eru lítið breyttar. Loðnuafli var minni en væntingar voru um en annar útflutningur sterkari. Reiknað er með að útflutningur aukist um 17,6% í ár og 6,3% á því næsta, aðallega vegna fleiri ferðamanna sem koma til landsins.

Verðbólguhorfur hafa versnað talsvert, meðal annars vegna aukinnar verðbólgu erlendis, meiri hækkana á húsnæðisverði og aukinnar spennu í hagkerfinu. Gert er ráð fyrir að vísalta neysluverðs hækki um 7,5% milli ársmeðaltala í ár og að verðbólga hjaðni hægar á spátímanum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að verðbólga verði 4,9% en 3,3% árið 2024. Eftir það er gert ráð fyrir að verðbólgan nálgist 2,5% verðbólgu markmið Seðlabankans.

Spenna á vinnumarkaði hefur aukist með meiri efnahagsumsvifum. Búist er við að atvinnuleysi verði minna í ár en áður var gert ráð fyrir eða um 3,8% að meðaltali. Eftirspurn eftir starfsfólk er mikil og hefur atvinnulausum á skrá fækkað frá áramótum. Laun hafa hækkað að mestu vegna kjarasamningsbundinna krónutöluhækkanna og hagvaxtarauka í ár, en búist er við að aukin

verðbólga dragi úr kaupmætti á næstu árum. Óvissa er um þróun launa næstu árin þar sem helstu kjarasamningar renna út í lok árs og byrjun næsta.

Stöðugleiki ríkir í fjármálakerfinu og staða stærstu bankanna er áfram sterk. Lausafjár- og eiginfjárstaða þeirra er vel yfir lágmarkskröfum Seðlabankans. Skuldavöxtur heimila er enn hóflegur og skuldir fyrirtækja halda áfram að dragast saman að nafnvirði.



Alþjóðleg efnahagsmál

Ljóst er að átökin í Úkraínu hafa haft neikvæð áhrif á flest hagkerfi heimsins, en einna mest á Evrópuríki. Búist var við nokkuð kröftugum viðsnuningi í ár þegar efnahagslíf ríkja fær af stað eftir takmarkanir vegna kórónuveirunnar. Dregið hefur úr væntingum um hversu hraður viðsnuningurinn verði eftir innrás Rússa í Úkraínu. Í nýlegri spá OECD er búist við að heimshagkerfið vaxi um 3% í ár en í desember í fyrra spáði stofnunin 4,5% aukningu. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur helstu viðskiptalanda verði um 3% í ár og um 2% að meðaltali árin 2023 og 2024.


Verðbólga hefur hækkað í heiminum undanfarið ár m.a. vegna hnökra í framleiðslukeðjum í kjölfar heimsfaraldursins. Vonir um að verðbólgan hjaðni hratt hafa dvínað undanfarna mánuði m.a. vegna frekari verðhækkana á hrávörum og orku sem rekja má til innrásarinnar í Úkraínu.

Ársverðbólga á evrusvæðinu var 8,1% í maí og hefur ekki mælst hærri frá myndun svæðisins. Á sama tíma mælist 12 mánaða verðbólga 8,6% í Bandaríkjunum sem er mesta verðbólga frá árinu 1981. Miðað við spár alþjóðastofnana er búist við að viðskiptavegin verðbólga helstu viðskiptalanda verði um 6% í ár en hjaðni í 3,1% á næsta ári og nemi 2% árið 2024.

MYND 3

Hrávöruverð á heimsmarkaði

Vísitala (2006=100)



Skyringar: Mánaðarlegar tölur, síðasta gildi maí 2022. **Heimild:** Macrobond, Hagstofa Íslands.

Eftir miklar hækkanir á olíuverði í mars vegna innrásar rússneska hersins í Úkraínu lækkaði það í apríl. Það má rekja til minni umsvifa í Kína sökum hertra sóttvarnarregla vegna fjölgunar kórónuveirusmita. Olíuverð hækkaði í maí samhliða slökun takmarkana í Kína auk ákvörðunar Evrópusambandsins um að draga úr olíuinnflutningi frá Rússlandi um 90% fyrir lok árs. Í byrjun júní ákváðu OPEC+ ríkin að auka framleiðslu í júlí og ágúst umfram það sem áður hafði verið samþykkt. Miðað við verð í framvirkum samningum er búist við að olíuverð lækki næstu ár eftir miklar hækkanir í ár og í fyrra. Gert er ráð fyrir að olíuverð hækki að meðaltali um 51,6% í ár, lækki um 9,2% á næsta ári og 11,2% árið 2024.

Álverð hækkaði töluvert í mars þegar stríðið í Úkraínu hófst en Rússland er bæði stór framleiðandi á orku og áli í heiminum. Hækkunin bættist ofan á hátt verð á áli, sem hafði hækkað um rúm 44% í fyrra, aðallega vegna samdráttar álframleiðslu í Kína. Minni framleiðsla í Kína varð til þess að innflutningur á áli jókst mikið. Framleiðsla áls þar í landi náði sér á strik í mars og apríl, hraðar en greiningaraðilar höfðu gert ráð fyrir, og er Kína nú nettó útflytjandi á áli. Álverð hefur lækkað undanfarnar vikur þrátt fyrir að vera enn hátt miðað við undanfarin ár. Áætlað er að heimsmarkaðsverð á áli verði um 18% hærra að meðaltali í ár en í fyrra en lækki um 5,4% á næsta ári og um 2,6% árið 2024.

Rússland og Úkraína eru einnig mikilvægir framleiðendur annarra hrávara en orku og áls. Saman flytja löndin út um 30% alls hveitis í heiminum, 15% maís og 20% steinefnaáburðar auk þess sem margar framleiðslukeðjur eru háðar útflutningi þeirra á málum. Verð annarra hrávara hefur því hækkað mikið í kjölfar átakanna sem bætist við mikla hækkun í fyrra þegar slakað var á sóttvarnartakmörkunum. Búist er við að verð annarra hrávara hækki að jafnaði um rúmlega 19% í ár. Árið 2023 er reiknað með að verðið lækki um 8,8% og um 3,2% árið 2024. Horfur eru á töluverðri hækkun á verði sjávarafurða í erlendi mynt í ár en í apríl var 12 mánaða hækkun um 21%.


Horfur eru á að viðskiptakjör batni í ár en töluvert minna en áður var áætlað. Skýrist það af lægra álverði og hærra olíuverði. Á næsta ári er útlit fyrir að viðskiptakjör versni lítillega en haldist stöðug eftir það.

Utanríkisviðskipti

Samkvæmt þjóðhagsreikningum er áætlað að útflutningur hafi aukist um 28,3% á fyrsta ársfjórðungi. Helsta ástæða aukningarinnar var fjölgun ferðamanna en þeir voru 245 þúsund á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 12 þúsund á sama tíma árið áður. Ferðamönnum hefur fjöldað hraðar á fyrri hluta ársins en áður var áætlað. Á fyrsta ársfjórðungi var fjöldi ferðamanna um 53% af þeim fjölda sem kom árið 2019. Ferðamönnum fjöldaði enn frekar á öðrum fjórðungi og horfur eru á að þeir verði um 90% af fjöldanum 2019. Væntingar eru um gott ferðamannasumar og að 1.600 þúsund ferðamenn heimsæki landið í ár. Á móti kemur aukin verðbólga og sterkara gengi sem að öðru óbreyttu dregur úr eyðslu ferðamanna og magni útfluttrar þjónustu. Horfur eru á að útflutningur sjávarafurða verði minni í ár en áður var áætlað en ekki tókst að veiða um 165 þúsund tonn af úthlutuðum loðnukvóta. Á móti kemur að skerðingar á orkuafhendingu til stórnötenda voru minni en áætlað var og útflutningur annarra vara hefur verið meiri. Reiknað er með að útflutningur aukist um 17,6% í ár og 6,3% á því næsta, aðallega vegna fleiri ferðamanna sem koma til landsins.

Innflutningur jókst um 33,9% á fyrsta ársfjórðungi. Ferðum Íslendinga erlendis fjöldaði mikið og vöruinnflutningur var kröftugur, m.a. vegna mikils innflutnings flugvéla. Búist er við að utanlandsferðum Íslendinga haldi áfram að fylga en brottfarir í maí voru um 65 þúsund sem er um 14% aukning miðað við sama mánuð árið 2019. Horfur eru á að innflutningur aukist um 14,3% í ár og 4,1% árið 2023.

Vöru- og þjónustujöfnuður var neikvæður um 3% af vergri landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi. Horfur eru á neikvæðum afgangi á árinu sem nemur 1,2% af VLF. Í síðustu þjóðhagsspá var gert ráð fyrir 0,1% afgangi. Munurinn stafar að miklu leyti af verri viðskiptakjörum en áður var gert ráð fyrir.



Þjóðarútgjöld


Einkaneysla

Kröftugur vöxtur var í einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi og jókst hún um 8,8% á milli ára miðað við 1,5% aukningu á sama tímabili í fyrra. Samsetning hennar breyttist eftir afléttingu sóttvarnartakmarkana og hlutdeild erlendrar neyslu heimila jókst en hlutdeild innréttинга og húsbúnaðar minnkaði. Mikil aukning var í sölu bifreiða á fyrsta ársfjórðungi en nýskráningum fjölgaði um 54% á milli ára. Sterkari vinnumarkaður og kjarasamningsbundnar launahækkanir hafa styrkt vöxt einkaneyslu í byrjun árs en búist er við að aukin verðbólga dragi úr kaumpætti og raunvöxtur hennar lækki á næstunni. Heimilin standa almennt vel eftir faraldurinn og geta gengið á uppsafnaðan sparnað, sem myndaðist í heimsfaraldrinum, til að auka neyslu á næstunni.

Samkvæmt væntingavísitölu Gallup hafa væntingar heimila lækkað frá byrjun árs þegar óvissa í efnahagsmálum jókst í kjölfar stríðsins í Úkraínu. Ríflega helmingur svarenda í apríl reyndist jákvæður gagnvart efnahagshorfum næstu mánaða en í maí reyndust fleiri neikvæðir.

Kortaveltugögn benda til áframhaldandi kraftmikils vaxtar neyslu á öðrum ársfjórðungi, einkum vegna aukinnar veltu erlendis.

Búist er við að vöxtur einkaneyslu verði um 4,3% í ár en lækki næstu ár og verði 2,6% árið 2023 og 2,4% 2024. Áætlað er að hlutur einkaneyslu í landsframleiðslu verði 51,1% í ár, hækki á spátímabilinu og verði að meðaltali um 51,8%.




Heimild: OECD og Hagstofa Íslands.

Samneysla og opinber fjármál

Afkoma hins opinbera var neikvæð um 2,4% af vergri landsframleiðslu fyrsta ársfjórðungs, eða um 20,7 milljarða, sem er töluvert betri afkoma en á sama tímabili í fyrra þegar að hallinn var 8,6%. Tekjur hins opinbera jukust um 17,7% á milli ára, meðal annars vegna 10,7% aukningar skatttekna og hærri arðgreiðslna fjármálaufyrirtækja í eigu ríkisins. Á sama tíma jukust heildarútgjöld um 3,6%. Hægur útgjaldavöxtur skýrist meðal annars af samdrætti í tilfærsluútgjöldum og félagslegum tilfærslum til heimila frá fyrsta ársfjórðungi 2021 þrátt fyrir að launakostnaður hins opinbera hafi vaxið um 8,3%.

Á fyrsta fjórðungi ársins jókst samneysla hins opinbera um 1,5% að raunvirði. Töluverður nafnvöxtur var í öllum undirliðum samneyslu á fjórðungnum mest þó í launakostnaði. Launakostnaður ríkissjóðs jókst um 9,7%, hjá almannatryggingum um 8% og 6,6% hjá sveitarfélögum. Samneyslusþáin byggir á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram í lok

mars en var ósamþykkt þegar að spáin var gerð. Gert er ráð fyrir að samneysla vaxi um 1,3% í ár og 1,4% að jafnaði árin 2023 og 2024. Hlutur samneyslu í vergri landsframleiðslu var 27,5% árið 2021 sem er yfir meðaltali síðustu tuttugu ára. Búist er við að hlutur samneyslu lækki í ár þar sem hagvöxtur verður meiri en vöxtur samneyslu og verði 26,6% en árin 2023 og 2024 dragi úr lækkuninni og hlutfallið verði 26,2% af heild árið 2024.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.

Fjárfesting


Á öðrum ársfjórðungi 2021 fór atvinnuvegafjárfesting að aukast hratt eftir að hafa dregist saman í heimsfaraldrinum og var aukningin á árinu í heild um 13,6%. Batinn hélt áfram á fyrsta ársfjórðungi 2022 og jókst atvinnuvegafjárfesting um 38,3% frá fyrra ári sem má að nokkru leyti rekja til fjárfestingar í flugvélum. Fjárfesting í stóriðju og tengdum greinum dróst saman um 18,4% á ársfjórðungnum en almenn atvinnuvegafjárfesting, sem undanskilur, skip, flugvélar og stóriðju, jókst um 19,4%.

Vöxtinn á fyrsta ársfjórðungi má að hluta til rekja til grunnáhrifa frá sama ársfjórðungi á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að ársbreyting atvinnuvegafjárfestingar lækki næstu ársfjórðunga, þegar dregur úr grunnáhrifum. Reiknað er með að atvinnuvegafjárfesting aukist um 5,5% árið 2022. Gert er ráð fyrir að almenn atvinnuvegafjárfesting aukist og áætlað er að stóriðjufjárfestingum taki við sér á árinu þegar nýjar framkvæmdir hefjast. Árið 2023 er reiknað með að atvinnuvegafjárfesting dragist saman um 2,5% vegna samdráttar í skipa- og flugvélafjárfestingu sem er mjög sveiflukennd. Án skipa og flugvéla er gert ráð fyrir 5,9% aukningu milli ára. Næstu ár er reiknað með um 2,5% aukningu á ári að meðaltali.

Fjárfesting í íbúðarhúsnaði dróst saman um 6,8% á fyrsta fjórðungi ársins og hefur hún dregist saman þrjá ársfjórðunga í röð. Vísbendingar eru um að íbúðafjárfesting gæti aukist næstu misseri. Samkvæmt talningu Samtaka iðnaðarins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í febrúar og mars hefur íbúðum í byggingu fjölgað um 21% frá september 2021. Aukninguna má að mestu rekja til fjölgunar íbúða á fyrstu byggingarstigum fram að fokheldu. Nokkur aukning hefur orðið í fjölda starfandi í byggingarstarfsemi síðustu mánuði og var að jafnaði tæplega 9% aukning á fyrsta fjórðungi ársins miðað við sama tímabil á síðasta ári. Innflutningur á steypustyrktarjární hefur stóraukist fyrstu fjóra mánuði ársins eða um 157%. Mögulegt er að aðilar hafi verið að byrgja sig upp af steypustyrktarjární af ótta við að erfitt gæti reynst að kaupa það í kjölfar efnahagsþvingana á Hvítá-Rússland vegna innrásar Rússia í Úkraínu. Innflutningur á sementi hefur dregist saman um tæp 32% á fyrstum mánuðum ársins en skortur er á sementi í heiminum.

Gert er ráð fyrir að íbúðafjárfesting aukist um 6,3% í ár og 10,3% á næsta ári en í kjölfarið hægi á vextinum sem verði 4,3% árið 2024. Hlutur íbúðafjárfestingar í vergri landsframleiðslu lækkaði lítillega í fyrra og var um 5,5%. Samhliða kröftugum vexti íbúðafjárfestingar á næstu árum er gert ráð fyrir að hlutur hennar í vergri landsframleiðslu aukist og verði um 6,3% árið 2024.

Húsnaðisverð heldur áfram að hækka af miklum krafti og mældist 3% milli mánaða í maí samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands. Tólf mánaða hækkun húsnaðisverðs í maí er því 24%. Í nýúkominni mánaðarskýrslu Húsnaðis- og mannvirkjastofnunnar kemur þó fram að framboð íbúða sé að taka við sér og að íbúðum til sölu hafi farið hægt fjölgandi frá því í febrúar síðastliðnum.



Fjárfesting hins opinbera jókst um 1,4% á fyrsta fjórðungi ársins miðað við sama tímabil í fyrra. Lítills háttar samdráttur varð í fjárfestingu ríkissjóðs eða 2,2%. Fjárfesting sveitarfélaga jókst hins vegar um tæp 23%. Spá um fjárfestingu hins opinbera byggir á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem lögð var fram í lok mars og var ekki samþykkt þegar spáin var gerð. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 0,7% í ár, 1,1% árið 2023 og 3,4% árið 2024. Samhliða samdrætti opinberrar fjárfestingar er gert ráð fyrir að hlutur hennar í vergri landsframleiðslu lækki. Hlutur opinberrar fjárfestingar var rúmlega 4% árið 2021 en gert er ráð fyrir að hann lækki í 3,9% í ár. Reiknað er með að hlutfallið verið komið í 3,5% árið 2024 sem er lítillega undir 3,7% meðaltali síðustu 20 ára.


Reiknað er með að heildarfjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu verði um 22,2% að meðaltali á spátímanum en meðaltal síðustu 20 ára er um 21,5%.

Vinnumarkaður og laun

Búist er við aukinni spennu á vinnumarkaði í ár vegna hærra atvinnustigs. Áætlað er að atvinnuleysi verði að meðaltali 3,8% í ár og 3,7% árið 2023. Mikill viðsnuningur hefur verið á vinnumarkaði og jókst vinnumagn um 8,9% á fyrsta ársfjórðungi frá sama tímabili í fyrra. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar (VMR) mældist atvinnuleysi 4,1% að meðaltali á fyrsta ársfjórðungi en var 7,6% fyrir ári. Atvinnubáttaka jókst mikil á fjórðungnum miðað við síðasta ár, úr 76,5% í 79,4%. Spurn eftir starfsfólki er enn mikil og voru um 6.400 laus störf á fyrsta ársfjórðungi samkvæmt könnun Hagstofunnar sem er um 52% aukning frá fyrra ári.

Alls voru 7.717 manns skráðir atvinnulausir að meðaltali hjá Vinnnumálastofnun í maí og hafa ekki verið jafn fáir frá desember 2019. Samkvæmt staðgreiðsluskrá fjölgandi starfandi um 8,7% á milli ára

á fyrsta ársfjórðungi. Árshækkun launavísitölunnar var 8,6% í maí en hærri verðbólga lækkar kaupmátt. Búist er við að raunlaun hækki um 0,3% í ár og 0,6% á því næsta en óvissa ríkir um þróun launa næstu ár þar sem helstu kjarasamningar renna út á árinu og í byrjun næsta árs.



Skýringar: Ársfjórðungsögn, breyting í fjölda frá sama ársfjórðungi fyrra árs. **Heimild:** Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.


Verðbólga, gengi og fjármálamarkaðir

Verðbólga hefur aukist talsvert á árinu. Í maí hækkaði vísitala neysluverðs um 7,6% frá fyrra ári, sem er mesta árshækkun vísitolunnar í um tólf ár. Verðhækkanir hafa verið almennar. Helsti þáttur verðbólgunnar undanfarna mánuði hefur verið hækken á húsnæði en vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 5,5% milli ára í maí. Annar þáttur er aukin alþjóðaverðbólga sem hækkar verð á innflutnum vörum og aðföngum í vöruframleiðslu innanlands. Verðbólga í heiminum hefur aukist m.a. vegna hagstjórnarviðbragða ríkja í heimsfaraldrinum sem brugðust við með innspýtingu fjármuna í gegnum fjármála- og peningstefnu. Einnig skapaði faraldurinn mikla röskun í framleiðslukeðjum sem hefur þrýst upp verði víða, bæði á vörum og flutningabjónustu. Í ofanálag hefur innrás Rússlands í Úkraínu og efnahagsþvinganir í kjölfarið valdið því að verð á mörgum hrávörum hefur hækkað umtalsvert sem hefur þrýst upp verði á innflutnum vörum og aðföngum hér á landi.

Gengi krónunnar hefur styrkst á árinu sem hefur dregið úr áhrifum verðhækkanara erlendis á innlenda verðþróun. Í maí hafði gengi krónunnar styrkst um tæp 5% en undanfarnar vikur hefur það haldist stöðugt. Þrátt fyrir miklar verðhækkanir erlendis hafa viðskiptakjör reynst jákvæð og vænta má aukins innflæðis gjaldeyris vegna bata í ferðaþjónustu. Reiknað er með að gengi krónunnar styrkist um tæp 6% í ár og 1,5% árið 2023 en haldist stöðugt eftir það.

Verðbólguhorfur eru talsvert verri en gert var ráð fyrir í síðustu útgáfu þjóðhagsspár, m.a. vegna aukinnar verðbólgu erlendis, meiri hækkaná á húsnæðisverði og aukinnar spennu í hagkerfinu. Gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 7,5% milli ársmeðaltala í ár og að verðbólga hjaðni hægar á spátímanum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að verðbólga verði 4,9% en 3,3% árið 2024. Eftir það er gert ráð fyrir að verðbólgan nálgist 2,5% verðbólguumarkmið Seðlabankans.

Peningastefnunefnd hefur brugðist við versnandi verðbólguhorfum og hækkandi verðbólguvæntingum með því að hækka stýrivexti talsvert. Raunstýrivextir eru þó enn neikvæðir og hafa verið frá mars 2020. Á árinu hafa vextir hækkað um 2,75 prósentur. Nefndin hækkaði vexti um 0,75 prósentur í febrúar og um 1 prósentu í maí og júní. Í yfirlýsingu peningastefnunefndar í júní síðastliðnum kom fram að líklega væri þörf á frekari vaxtahækkunum á næstu misserum.



Stöðugleiki ríkir í fjármálakerfinu og staða stærstu bankanna er sterkt. Lausafjár- og eiginfjárstaðan er vel yfir lágmarksþrófum Seðlabankans. Skuldavöxtur heimila er enn hóflegur og skuldir fyrirtækja halda áfram að lækka að nafnvirði.

Árs vöxtur nafnvirðis skulda heimila hefur verið um og yfir 10% síðustu misseri og skuldsetning þeirra sem hluti af ráðstöfunartekjum og landsframleiðslu aukist. Hægt hefur á raunvexti skulda sem mældist 2,5% í apríl miðað við 4,1% í upphafi árs. Stærsti hluti útlána heimila eru fasteignalán og um 30% þeirra eru með óverðtryggða breytilega vexti en það hlutfall hefur hækkað síðustu ár. Áhætta tengd afborgunum heimila af skuldum hefur því aukist en þau eru almennt vel í stakk búin að standa undir hækjun vaxta.

Skuldir fyrirtækja hafa dregist saman að nafnvirði. Hlutfall þeirra af landsframleiðslu hefur haldið áfram að lækka og er nú rúmlega 80%. Ýmis merki eru þó um að skuldsetning fyrirtækja sé að aukast á ný. Skuldavöxtur leiðréttur fyrir áhrifum gengis og verðlags var 4,5% í lok fyrsta ársfjórðungs og hrein ný útlán bankanna hafa reynst talsverð það sem af er árinu. Auk þess hafa fyrirtæki sótt í lánsfé utan við bankana með útgáfu fyrirtækjaskuldabréfa og útlánum frá fagfjárfestingarsjóðum.

Verð hlutabréfa lækkaði víða um heim í kjölfar innrásar Rússu í Úkraínu en er þó hærra en fyrir farsóttina. Sömu sögu er að segja hér á landi. Vísitala aðallista hefur lækkað um 21% frá upphafi árs en á sama tíma hefur heildarvísitalan lækkað um 13%. Nokkur stærstu félög Kauphallarinnar hafa leitt lækkunarirnar eins og Marel (-31%) og Icelandair (-15%) en jafnframt hafa minni félög, sem hafa hækkað hratt undanfarin ár, lækkað talsvert.

English summary

The economy is expected to grow by 5.1% this year and 2.9% in 2023. GDP grew by 8.6% in the first quarter. Domestic demand has been strong so far this year, but uncertainty surrounding the domestic and foreign inflation outlook has increased.

Private consumption was robust in the first quarter, increasing by 8.8% in real terms between years. Private consumption is expected to grow by 4.3% this year with rising employment levels, but rising inflation will slow its growth in the coming years. In the first quarter of the year, public consumption increased by 1.5% in real terms. Significant nominal growth was in all sub-components of public consumption in the quarter. Public consumption is expected to grow by 1.3% this year and 1.4% on average in 2023 and 2024.

Investment grew rapidly in the first quarter and is forecast to increase by 4.6% from the previous year. Business investment is expected to increase by 5.5% this year and growth is expected to be broad-based. Residential investment contracted by 6.8% in the first quarter of the year and has contracted for three consecutive quarters. There are indications that housing investment could increase in the coming months. Housing investment is expected to increase by 6.3% this year and 10.3% next year, followed by a slowdown in growth to 4.3% in 2024. There was a slight contraction in central government investment or 2.2% in the first quarter, while local government investment increased by almost 23%. Public investment is expected to contract by 0.7% this year, 1.1% in 2023 and 3.4% in 2024.

The outlook for exports has improved since the last forecast. The number of tourist arrivals grew more rapidly than expected in the first half of the year. It is projected that tourist arrivals will more than double this year. The outlook for goods exports has not changed significantly since the last forecast. Marine exports were lower than expected but other exports stronger. Exports are expected to increase by 17.6% this year and 6.3% next year, mainly due to the recovery in the tourist sector.

The inflation outlook has deteriorated considerably due to rising inflation abroad, higher increases in house prices and strong demand in the economy. The consumer price index is expected to rise by 7.5% on average this year and inflation remain higher over the forecast horizon than previously estimated. Next year, inflation is expected to increase by 4.9% between years and by 3.3% in 2024, after which inflation is expected to approach the Central Bank's 2.5% inflation target.

The labour market has tightened with greater economic activity. The unemployment rate is expected to decrease to 3.8% in 2022. Demand for labour is high and registered unemployment has decreased steadily since the beginning of the year. Wages have risen largely due to collective wage agreements and economic growth this year, but rising inflation is expected to reduce purchasing power in the coming years. There is uncertainty about wage developments in the coming years, as the main wage agreements expire at the end of the year and at the beginning of next.

The financial system is stable and the position of the largest banks remains strong. The liquidity and equity position are well above the Central Bank's minimum requirements. Household debt growth is still modest and corporate debt continues to shrink in nominal terms.

Tafla 1. Landsframleiðsla 2021–2027
Table 1. Gross domestic product 2021–2027

| Magnbreyting frá fyrra ári (%) Volume growth from previous year (%) | Framrekningur Extrapolation | | | | | | |
|--|--------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| | 2021 ¹ | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 |
| Einkaneysla <i>Private final consumption</i> | 7,6 | 4,3 | 2,6 | 2,4 | 2,8 | 2,8 | 2,5 |
| Samneysla <i>Government final consumption</i> | 1,8 | 1,3 | 1,5 | 1,3 | 0,8 | 0,7 | 0,9 |
| Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i> | 13,6 | 4,6 | 0,9 | 1,9 | 1,9 | 2,8 | 2,6 |
| Atvinnuvegafjárfesting <i>Business investment</i> | 23,1 | 5,5 | -2,5 | 2,3 | 0,6 | 3,6 | 3,3 |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i> | -4,4 | 6,3 | 10,3 | 4,3 | 3,5 | 3,0 | 3,0 |
| Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i> | 12,4 | -0,7 | -1,1 | -3,4 | 3,4 | -0,1 | -0,7 |
| Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i> | 7,2 | 4,0 | 2,0 | 2,0 | 2,1 | 2,2 | 2,1 |
| Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i> | 12,3 | 17,6 | 6,3 | 3,9 | 2,9 | 2,5 | 2,5 |
| Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import of goods and services</i> | 20,3 | 14,3 | 4,1 | 3,3 | 2,0 | 2,1 | 2,1 |
| Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i> | 4,3 | 5,1 | 2,9 | 2,2 | 2,5 | 2,4 | 2,3 |
| Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF) <i>Goods and services balance (% of GDP)</i> | -2,1 | -1,2 | -0,6 | -0,2 | 0,3 | 0,6 | 0,8 |
| Viðskiptajöfnuður (% af VLF) <i>Current account balance (% of GDP)</i> | -2,8 | -2,2 | -1,2 | -0,9 | -0,6 | -0,4 | -0,3 |
| VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. Nominal GDP, billion ISK | 3.233 | 3.617 | 3.861 | 4.079 | 4.298 | 4.518 | 4.743 |
| Vísitala neysluverðs <i>Consumer price index</i> | 4,4 | 7,5 | 4,9 | 3,3 | 2,6 | 2,5 | 2,5 |
| Gengisvíralta <i>Exchange rate index</i> | -2,4 | -5,6 | -1,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| Raungengi <i>Real exchange rate</i> | 3,9 | 7,9 | 2,9 | 1,2 | 0,6 | 0,6 | 0,6 |
| Atvinnuleysi (% af vinnuafli) <i>Unemployment rate (% of labour force)</i> | 6,0 | 3,8 | 3,7 | 3,8 | 3,9 | 3,9 | 3,9 |
| Kaumpáttur launa <i>Real wage rate index</i> | 3,7 | 0,3 | 0,6 | 0,9 | 1,6 | 1,6 | 1,6 |
| Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum <i>GDP growth in main trading partners</i> | 5,6 | 3,0 | 2,3 | 1,8 | 1,7 | 1,6 | 1,5 |
| Alþjóðleg verðbólga <i>World CPI inflation</i> | 2,8 | 6,0 | 3,1 | 2,0 | 1,9 | 1,9 | 1,9 |
| Verð útflutts áls <i>Export price of aluminum</i> | 44,2 | 18,1 | -5,4 | -2,6 | -2,5 | -2,1 | -1,9 |
| Olíuverð <i>Oil price</i> | 63,7 | 51,6 | -9,2 | -11,2 | -8,1 | -5,0 | -3,1 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

FIGURE 1
Economic growth, national expenditure and balance of trade




FIGURE 2
Contribution to growth 2011–2024




FIGURE 3
World commodity prices
Index (2006=100)



Notes: Monthly data, latest value May 2022. Source: Macrobond, Statistics Iceland.

FIGURE 5
Private consumption



Source: OECD and Statistics Iceland.

FIGURE 4
Imports & exports
Annual change



FIGURE 6
Public consumption 2004–2024



Source: Ministry of Finance and Economic Affairs, Statistics Iceland and municipalities.

FIGURE 7




FIGURE 8





FIGURE 9



Hagtíðindi

Þjóðhagsspá

Statistical Series Economic forecast

107 árg. • 5. tbl. 27. júní 2022

ISSN 1670-4770 Umsjón Supervision

Marinó Melsted • marino.melsted@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands Statistics Iceland • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is • www.statice.is

Sími Telephone +(354) 528 1000 Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.